

Ógæfan í Úkraínu Nató ætlar að orna sér við kjarnorkuelda

Á því Herrans ári 1997 gerðu Rússar og Nató merkan samning: „Gagnkvæm tengsl, samvinna og öryggi milli Rússneska ríkjasambandsins og Nató“ (Mutual Relations, Cooperation and Security between NATO and the Russian Federation.)

Þessi samningur hefur reynst jafn léttur á metunum og Minsk samningarnir um lok borgarastríðsins í Úkraínu, sem upphófst með árásum Kænugarðsstjórnarinnar á rússnesku mælandi íbúa Donbas.

Árið 2014 var örlagaríkt ár í samskiptum Rússa og Nató. Bandalagið, undir forystu Bandaríkjanna og Bretá, steypiti löglega kjörinni stjórn Úkraínu. Þá hafði lengi verið róið að inngöngu Úkraínu bæði í Nató og Evrópusambandið. Inngöngu Úkraínnumanna í Nató höfðu Rússar túlkað sem þjóðaröryggisógn í áratug eða svo. Þeir töluðu fyrir daufum eyrum, en komu samt með tillögu að öryggis- og friðarsamningi.

Rússar hafa ítrekað skírskotað til umrædds samnings, m.a. til að koma í veg fyrir stríð við Bandaríkin (Nató), síðast 2021. Jens gerir grín að trúgírni Vonda-Valda Putin, rétt eins og Angela Merkel og Emanuel Marcon gerðu í sambandi við Minsk samningana.

Á sama ári tók norski stríðshaukurinn, Jens Stoltenberg, við leiðtogataumunum í Nató. Fidel Castro (1926-2016), leiðtoga Kúbu, leist illa á pilt:

„Það stafar miklu hatri úr andliti hans, [það lýsir] einbeittum ásetningi (empeno) að heyja útrýmingarstríð gegn Rússneska ríkjasambandinu?“

Fidel reyndist sannspár. Jens og fleiri stórmenni Natóríkja hafa lýst því yfir, að Úkraínnumönnum sé heimilt að beina vestrænum vopnum inn í Rússland til árásarstríðs. Það hafa þeir reyndar gert margsinnis eða öllu heldur útsendarar Bandaríkjanna, Bretá, Þjóðverja, Frakka og Pólverja – einkum og sér í lagi.

Samtímis uppbyggingu svokallaðrar „Baltnesku varnarlínu,“ fjölgar árásum inn í Rússland. Sú síðasta, þ.e. eyðilegging radarstöðva í suð-vestur Rússlandi, sem mikilvægar eru í kjarnorkuvopnavörnum, gæti reynst örlagarík. Hugsanlega snýr stöðin þó meira að öryggi Írana en Rússa sem slíkra. En eyðileggingin hleypir í uppnám aðvörunum vegna hugsanlegra árása Bandaríkjamanna úr herskipum á Miðjarðarhafi og herstöðinni í Bahrain, einni af átta hundruð eða svo.

Vesturlönd leika með kjarnorkueldinn. Rússar vara enn við og æfa stríð með skammdrægum kjarnavopnum. Staðsetning langdrægra eldlauga Vesturlanda í Úkraínu segir Vondi-Valdi einungis vera hársbreidd frá stríðsyfirlýsingu.

Kotroskna Kaja Kallas, forsætisráðherra Eista, sem er ættuð úr sama sauðahúsi og valkyrjan, Þórdís Kolbrún, og Mette Minkabani, svo nokkrir merkir forystumenn Vesturlanda séu nefndir, hefur nýlega hótað Rússum; ætlar sér að „koma Rússum á hné.“

Fleiri ISIS málaliðar Vesturlanda (Bandaríkjanna og Ísraels) hafa verið kallaðir til, enda eru flestir vopnfærir úkraínskir karlar ýmist drepnir, særðir eða flúnir. Stöðugt fleiri gefast upp við fyrstu hentungleika til að bjarga lífi sínu.

Stjórn málafræðingurinn, Michael Whitney, er ekki í vafa: „Eins og sjá má, er lestin þegar lögð af stað. Ákvörðun um að efna til stríðs við Rússa hefur þegar verið tekin. Hún raungerist í þessum töluðu orðum.“

Írski blaðamaðurinn, Finian Cunningham, krefst þess, að geðbiluðum stríðshaukum Nató verði varpað í steininn. En honum verður varla að ósk sinni.

Eins og öllum ætti að vera ljóst eru Vesturlönd og Nató vart samningshæf. Jafnvel þótt Úkraínnumenn, að undirlagi Nató, hafi gefið friðarsamningum langt nef, þegar innrás Rússa hafði staðið yfir skamma stund, rétt Rússar enn fram sáttarhönd. Þeim er reyndar ekki boðið til þeirra sýndarfríðarumleitanna, sem fyrir dyrum standa.

En það er eins gott að gjalda varhug við, því Rússar eru „erfðalega illskeyttir“ og forritaðir til árása á saklaus, friðsemdarleg og lýðræðisleg Vesturlönd, eins og einn af ofsóknaruppvakningunum úr Rússafælnideild Leyniþjónustu Bandaríkjanna, hefur frætt okkur um.

https://www.nato.int/cps/en/natohq/official_texts_25468.htm

<https://jameshfetzer.org/2022/02/mike-whitney-the-crisis-in-ukraine-is-not-about-ukraine-its-about-germany/>

<https://www.granma.cu/cuba/2014-10-08/el-porvenir-incierto>

<https://gilbertdoctorow.com/2024/05/29/ukrainian-strikes-on-russian-early-warning-radar-installations-a-strategic-blow-or-an-irrelevancy/>

<https://www.counterpunch.org/2021/11/26/what-are-the-prospects-for-peace-an-interview-with-finian-cunningham/>

https://steigan.no/2024/05/kunne-stoltenberg-avverget-russlands-invasjonen-av-ukraina/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.youtube.com/watch?v=GfhwwSzec>

https://korybko.substack.com/p/putin-expects-nato-and-possibly-poland?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=145118049&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://kyvindependent.com/france-to-send-instructors-to-ukraine-for-soldiers-training-surskyi-says/>

<https://www.youtube.com/watch?v=YNVumzYy5aI>

<https://www.youtube.com/watch?v=-pUj3Vqptx8>

https://steigan.no/2024/05/russland-og-kina-har-fatt-nok/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://www.unz.com/pescobar/russia-and-china-have-had-enough/>

https://steigan.no/2024/05/skarpe-reaksjoner-i-italia-mot-stoltenbergs-vilje-til-a-la-ukraina-angripe-russland/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://gilbertdoctorow.com/2024/05/25/wion-indian-global-broadcaster-discusses-putins-latest-proposal-for-a-ceasefire/>

<https://www.youtube.com/watch?v=XJ3aWRYCgPE>

<https://derimot.no/blackwater-grunnlegger-til-tucker-carlsonmye-av-vapenhjelpen-havner-i-usas-krigsindustri-eller-forsvinner-i-ukrainsk-korrupsjon/>

https://www.realclearpolitics.com/video/2024/05/22/erik_prince_russias_goal_now_is_to_humiliate_the_west_and_make_sure_ukraine_is_never_a_problem_again.html#!

<https://steigan.no/2023/11/lederen-av-zelenskys-parti-vi-hadde-utkast-til-en-fredsavtale-men-boris-johnson-forkastet-den/>

https://steigan.no/2024/05/ukrainske-nazister-hyllet-i-det-britiske-parlamentet/?utm_source=substack&utm_medium=email

https://korybko.substack.com/p/the-us-is-now-more-openly-allowing?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144933643&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://gilbertdoctorow.com/2024/05/22/wion-indian-global-television-on-the-russian-nuclear-weapon-drills-at-the-ukrainian-border/>

https://korybko.substack.com/p/analyzing-the-estonian-premiers-remark?utm_source=post-email-title&publication_id=835783&post_id=144865824&utm_campaign=email-post-title&isFreemail=true&r=ry8jq&triedRedirect=true&utm_medium=email

<https://www.globalresearch.ca/putin-strategic-blunder/5857716>

https://steigan.no/2024/05/krigsdagbok-del-110-11-til-17-mars-2024/?utm_source=substack&utm_medium=email

<https://strategic-culture.su/news/2024/05/28/arrest-these-insane-nato-warmongers/>

<https://www.unz.com/mwhitney/washington-attacks-key-element-of-russias-nuclear-umbrella-threatening-entire-global-nuclear-security-architecture/>